



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

*Vorfréttabréf
2024*

*Félag kvenna í fræðslustörfum á
Íslandi*



Við Lagarfjót á Héraði

Sumar

*Söfnum sólskini af grasi,
tínnum tunglsljós af vötnum!
Guðir gróðurs og birtu
eru gengnir að leikum:
aka eldreid um himin,
draga dagstjörnu úr moldu,
rótt í lágnættislogni
lyfta gullskildi bleikum.*

*Flýgur fiðrildi í kjarri,
liðast lækur um engjar,
óma söngvar í sefi,
sækir angan að vitum:
Fyllum forðabúr hjartans,
grípum geisla og hljóma,
þar sem óflekkuð ættjörð
unir björtustu litum.*

*Senn mun fiðrildum förlast,
dögg á dagstjörnu kólna,
leggir lyngjurta svigna,
laufið mæðast og blikna
Söfnum sólskini af grasi,
tínnum tunglsljós af vötnum,
meðan hrímnætur hvíla
handan jökla og vikna!*

Ólafur Jóhann Sigurðsson



Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegs sumars

Útgáfunefnd sendir nú frá sér sitt annað fréttabréf frá því hún var skipuð sl. haust. Við kölluðum eftir fréttum frá deildum með tölvupósti og voru heimtur almennt góðar. Nú birtum við í vorblaðinu 2024 fréttir frá nær öllum deildum og færum við deildum þakkir fyrir efni og myndir sem segja og sýna frá fjölbreyttu starfi þeirra.

Forseti DKG, Árný Elíasdóttir ritaði pistil fyrir hönd stjórnar en þar fjallar hún m.a. um verkefni Epsilondeildar og þeirra hátt á að gera starf deildarinnar sýnilegt en þær stóðu fyrir málþingi. Áhugaverð nálgun sem vert er að skoða og sjá hvort að ekki leynist verkefni í nærumhverfi okkar.

Það var leitt að ekki náðist að halda vorráðstefnuna þar sem dagskráin var afar áhugaverð en margar ástæður liggja þar að baki. Að lokum langar okkur svo að minn á að á næsta ári eru liðin 50 ár frá því að fyrsta DKG deildin, Alfa var stofnuð á Ísland. Við eigum örugglega von á áhugaverðum viðburði sem mikilvægt er að við tökum þátt í til að efla samstarfið.

Við ætlum að njóta sumarsins og vonum að þið gerið það líka, lesið blaðið í sumarblíðunni og fræðist um öflugt starf deildanna.

Sumarkveðja,
Samskipta- og útgáfunefnd DKG
Guðrún Ásgeirsdóttir
Guðmunda Vala Jónasdóttir
Sigríður Herdís Pálsdóttir



Fréttir frá stjórn landsambands DKG



Kæru Delta Kappa Gamma konur

Nú er vetur úr bæ og sumarið framundan með birtu og yl. Ég vona að þið hafið notið starfsins í vetur í ykkar deildum og nefndum. Ég hef átt þess kost að heimsækja fimm deildir og fundist það sérlega áhugavert og gefandi. Ég stefni á að heimsækja aðrar deildir næsta vetur.

Eins og kom fram í könnuninni okkar þá skiptir fræðsla, vinátta, tengslanet, samheldni og valdefling innan DKG okkur miklu máli. Við viljum líka vera sýnilegri og hafa enn meiri áhrif á menntamál. Við getum aukið sýnileika okkar með ýmsum hætti, m.a. með því að opna viðburði á vegum samtakanna og kynna okkur í ræðu og riti. T.d. fóru forseti og varaforseti í viðtal í Mannlega þættinum á RÚV 16. apríl s.l. sem vonandi hefur farið víða. Einnig mætti taka þátt í verkefnum í nærsamfélaginu eins og Epsilondeild gerði með

veglegu málþingi um læsi en landssambandið styrkir slík verkefni deilda. Þá getum við haft frekari áhrif á menntamál í landinu með þátttöku í stefnumótun, málþingum og ráðstefnum, skrifað greinar, gefið umsagnir um lög og hvatt konur til að sækja um námsstyrki innan samtakanna.

Því miður urðum við að aflýsa vorráðstefnunni okkar vegna afar dræmrar þátttöku en aðeins um 10% félagskvemma höfðu skrá sig þrátt fyrir mjög áhugaverða dagskrá að mati margra. Hvað veldur er erfitt að segja en margt er í boði á þessum árstíma. Þá sögðust rúm 40% svarenda í könnuninni vilja að einungis yrði haldið landssambandsþing annaðhvert ár en rúm 50% höfðu þá skoðun að halda ætti bæði landssambandsþing og vorráðstefnu. Næsta landssambandsþing verður haldið laugardaginn 10. maí 2025 og vonandi sjáum við sem flestar ykkar þar. Nánari dagskrá kemur síðar.

Á næsta ári eru liðin 50 ár síðan fyrsta deildin, Alfa, var stofnuð hér á landi, 7. nóvember 1975. Lög alþjóðasamtakanna kveða á um að um leið og deild er stofnuð í landi telst þar vera landssamband. Skipuð hefur verið afmælisnefnd sem er ætlað að koma með nokkrar tillögur að því hvernig fagna ætti þessum tímamótum. Tillögur nefndarinnar verða lagðar fyrir framkvæmdaráð til samþykkar en fundur ráðsins verður 7. september n.k. Í framkvæmdaráði eiga sæti stjórn landsambands, formenn deilda ásamt fyrrverandi landsforseta og lögsögumanni. Formenn nefnda og vefstjóri mæta einnig á fundinn. Að lokum óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars og hlakka til samstarfsins næsta vetur.

Með bestu kveðju
Árný Elíasdóttir, forseti



Alfa

Fundur 25. nóvember

Síðasti fundur haustsins var hinn hefðbundni jólafundur Alfa deildar. Hann var haldinn að þessu sinni í Hannesarholti þann 25. nóvember sl. Góð mæting var á fundinn en 24 félagskonur sátu hann. Á borðum var fiskréttur og kaffi og konfekt á eftir. Ásta Valdimarsdóttir flutti Orð til umhugsunar og talaði um mikilvægi gleði og hláturs og fór meðal annars með ljóðið Hlátur eftir Guðmund Kristjánsson frá Kirkjubóli.

Gestur fundarins var rithöfundurinn Nanna Rögnvaldardóttir en hún las upp úr nýútkominni bók sinni „Valskan“. Góður rómur var gerður að upplestri Nönnu og fékk hún margar skemmtilegar spurningar um bókina og söguna sem þar birtist.



Margrét Gunnarsdóttir Schram og Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir stofnfélagar Alfa deildar

Fundur 20. janúar

Fyrsti fundur ársins var haldinn í Kringlukránni 20. janúar og var það hádegisfundur sem hófst kl. 11:00. Mættar voru samtals 24 félagskonur þar af 7 nýjar félagskonur sem teknar voru inn í deildina þennan dag.

Formaður opnaði fundinn, kveikti á kertum og fór yfir dagskrána. Þá fór Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir með Orð til

umhugsunar þar sem hún lýsti gildi þess að taka þátt í félagasamtökum, út frá eigin reynslu. Að því loknu ávarpaði Árný Elíasdóttir, landsforseti fundinn en hún tók jafnframt virkan þátt í inntökuathöfninni sem fram fór samkvæmt lögum og reglum félagsins. Nýir félagar Alfadeildar sem teknir voru inn þennan dag eru:

Aðalheiður Dagmar M. Matthíasdóttir, kennslustjóri sjúkraliðabrautar í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Gróa Margrét Finnsdóttir, grunnskólakennari í Álftamýrarskóla. Hildigunnur Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi í Kvinnaskólanum í Reykjavík.

Hrefna Pálsdóttir, forstöðukona kennsluviðs Háskólans í Reykjavík.

Hrönn Baldursdóttir, náms- og starfsráðgjafi Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.

Nýir félagar fengu nælu, rós og skírteini. Félagskonur sungu síðan saman ljóðið Gull og perlur eftir Hjálmar Freysteinnsson.

Að athöfn lokinni var borinn fram hádegisverður, súpa og salat og gafst góður tími til umræðna og samtala undir borðum.

Árný Elíasdóttir, landsforseti fór þá yfir helstu niðurstöður könnunar á vegum félagsins varðandi upplifun félaga í Delta Kappa Gamma af félagsstörfum og störfum í nefndum. Einnig sagði hún frá styrkjum sem í boði er fyrir meðlimi að sækja um.



Í lokin fór formaður yfir starf deildarinnar framundan og afhenti Ingibjörgu Elsu og Árnýju rósir fyrir sín innlegg í fundinn.



Nýjar félagskonur í Alfa deild ásamt Árnýju Elíasdóttur landsforseta og Hrund Logadóttur formanni Alfa deildar.

Fundur 15. febrúar

Febrúar fundur Alfa deildar var heimsókn í Eddu – hús íslenskunnar og tóku 22 félagskonur þátt.

Á móti félagskonum tók Svanhildur Óskarsdóttir en hún hefur starfað hjá stofnuninni og forvera hennar, frá árinu 1999. Hún gegnir starfi rannsóknarprófessors á menningarsviði og vinnur að rannsóknum og útgáfum fornra texta. Hún er í starfshópi um forvörslu Flateyjarbókar, í bókasafnsnefnd stofnunarinnar og í sýningarnefnd opnarsýningar í Eddu. Svanhildur er einnig varamaður í stjórn Miðaldastofu Háskóla Íslands.

Svanhildur fór fyrir hópnum um húsið en í nyrðri hluta þess er Stofnun Árna Magnússon en starfsemi Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands er að hluta í syðri hluta hússins. Neðst í miðju byggingarinnar eru handritin og dýrmæt gögn varðveitt en þar fyrir ofan er bókasafnið. Inn í miðju hússins tengist svo

margþætt starfsemi, kennslustofur, vinnustofur og lesstofa. Sérstaklega vakti garðsvæði á efri hæðum byggingarinnar athygli félagskvenna en það svæði kallast nú klausturgarðurinn.

Sérstaka athygli vakti samskiptasáttmáli Árnastofnunar en með honum vill starfsfólk skapa starfsumhverfi og menningu þar sem starfsfólk er öruggt og líður vel. Er stefnunni m.a. fylgt eftir með markvissum atvikaskráningum og ábendingum um atvik, sem miða að því að læra af og fyrirbyggja endurtekningu. Einkunnarorð sáttmálans eru virðing, umburðarlyndi, hlýja, léttleiki og hómur og traust.



Svanhildur Óskarsdóttir rannsóknarprófessor á Menningarsviði Árnastofnunar



Fundir framundan

Til stóð að aprílfundur deildarinnar yrði heimsókn í Bandaríska sendiráðið. Búið var að dagsetja þann fund 24. apríl en því miður gat sendiráðið ekki tekið á móti Alfa konum þennan dag vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Þegar þetta er skrifað er áætlað að heimsóknin fari fram 10. maí nk.

Aðalfundur deildarinnar er dagsettur 21. maí nk en á þeim fundi mun uppstillinganefnd kynna tillögu sína um nýja stjórn.

Stjórn Alfa deildar

Hrund, Málfríður, Fjóla María og Ragnhildur



Beta

Veturinn var langur og snjóþungur á Akureyri í ár, og fyrir vikið var félagsskapur Beta kvenna enn dýrmætari. Við byrjuðum árið á okkar sívinsæla bóka fundi þann 15. janúar. Þar ræddi hver kona um bók sem hún hefur nýlega lesið og alls voru sextán bækur ræddar í ár. Þessi fundur hefur þá sérstöðu að allar konur taka virkan þátt auk þess sem hann er gjarnan haldinn í heimahúsi. Það er almenn ánægja með þetta fyrirkomulag sem skapar meiri nánd og samstöðu meðal Beta systra, enda fóru þær út með bros á vör og lengri náttborðslista í farteskinu.

13. mars héldum við fyrsta formlega fund ársins 2024 í Menntaskólanum á Akureyri.



Gestir fundarins voru Ingibjörg Magnúsdóttir íþróttakennari við MA og Kristín Elva Viðarsdóttir skólasálfræðingur MA og Beta kona. Erindið bar heitið „Hugað að svefni og líðan í Menntaskólanum á Akureyri“. Undanfarin misseri hefur Ingibjörg stýrt rannsókn á svefni nemenda MA ásamt traustu teymi og í erindinu sögðu þær Inga og Stína okkur Beta konum frá framkvæmdinni, úrvinnslunni og ekki síst; niðurstöðunum. Mjög áhugaverð kynning og gaman að fá innsýn inn í gróskuna sem á sér stað í málefnum tengdum lýðheilsu.



Fjórði fundur Beta deildar var í Brekkuskóla 16. apríl síðastliðinn. Þar komu til okkar þeir Magnús Máni Sigursteinsson og Tómas Óli Ingvarsson, nemendur á þriðja ári við MA, og ræddu þeir um gervigreind og hvernig hún hefur nýst þeim við námið. Þeir félagar voru með líflegan fyrirlestur þar sem þeir sýndu dæmi um hvernig gervigreind hjálpar til við heimildaúrvinnslu, hljóðvinnslu, myndvinnslu o.s.frv. Í kjölfarið sköpuðust fjörugar umræður enda umfjöllunarefnið eldheitt í menntageiranum í dag. Það var virklega gaman að heyra hvernig þessir ungu menn litu á AI eða gervigreindina sem hjálpartæki í sínu námi og einnig hvernig Beta konur hafa nýtt þessa tæki á fjölbreyttan máta í sinni vinnu.



Þegar þetta er skrifað er aðalfundur Beta systra framundan. Hann verður haldinn fimmtudaginn 16. maí á veitingahúsinu Múlabergi og er undirbúningur komin langt á leið. Eins og sést hefur vorið verið viðburðaríkt og konur í Beta deild eru virkar og vakandi yfir því sem er efst á baugi í samfélaginu. Deildin hefur dafnað vel síðustu tvö ár, fjórar konur hafa gengið í deildina, þar af ein sem flutti sig um deild, og telur Beta deild nú 32 konur. Með hækkandi sól og bjartsýni í hjarta óskum við konum í DKG á Íslandi gleðilegs sumars.

Með kærri kveðju frá Akureyri,
Aðalbjörg Bragadóttir, formaður



Gamma

Í síðasta fréttabréfi enduðum við á að segja að í vændum væri okkar árlegi jólafundur. Hann var dásamlegur að vanda og haldinn heima hjá Gerði G. Óskarsdóttur í yndislegri jólastemningu við Elliðavatn. Þar fengum við rithöfund í heimsókn, sungum saman og gæddum okkur á gómsætum veitingum í boði Gammakvenna.



Hlín Agnarsdóttir, rithöfundur með meiru, kom á jólafundinn og las upp úr bók sinni Einlífi – ástarransókn.



Stjórn Gammadeildar á jólafundi heima hjá Gerði. Á myndina vantar Hönnu Halldóru Leifsdóttur, gjaldkera.

Vorönn Gammadeildar hófst á okkar árlega bóka fundi sem haldinn var fimmtudaginn 11. janúar 2024 heima hjá Ingibjörgu Jónasdóttur og var hún jafnframt með orð til umhugsunar í upphafi fundar og ræddi þar móttöku kvenna af erlendum uppruna og átak sem Soroptomistafélagið gerði í því samhengi. Til umræðu voru tvær bækur sem settar voru fyrir í desember 2023. Önnur bókin var *Einlífi ástarransókn* sem er skáldsaga byggð á minningum og lífsreynslu höfundar, Hlínar Agnarsdóttur, en hún var gestur okkar á jólafundi og las þá upp úr bókinni og spjallaði við okkur. Hin bókin var smásögusafnið *Snjór í Paradís* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Skemmtilega ólíkir höfundar en bækurnar eiga það þó sameiginlegt að fjalla um nánustu sambönd og samskipti fólks. Við skiptum konunum í nokkra umræðuhópa sem dreifðu sér síðan um húsið og ræddu um bækurnar tvær. Síðan sameinuðust allir hóparnir og kynntu það sem fram fór í þeirra hópi. Sköpuðust líflegar umræður og skemmtilegt var að heyra mismunandi skoðanir á bókunum tveimur. Eftir umræður var boðið upp á glæsilegt veisluborð í boði Gammakvenna.





Miðvikudaginn 7. febrúar heimsóttum við Tækniskólann og buðu Gammakonur gestum með sér á fundinn. Okkar Gammakona og skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, tók vel á móti okkur. Fyrst skoðuðum við Framtíðarstofuna á Skólavörðuholti, fengum veitingar í boði Tækniskólans og Hildur Skarphéðinsdóttir var með orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði um lífið eftir vinnumarkað, efri árin svokölluðu, en hún hefur m.a. nýtt þennan tíma til að fara í gegnum bréfasafn sitt sem safnast hefur upp í gegnum árin. Hún rifjaði upp skemmtileg bréfaskrif milli sín og systur sinnar á unglingsárum. Í kjölfarið var Hildur Ingvarsdóttir með frábæra kynningu á starfsemi skólans. Óhætt er að segja að Gammakonur hafi farið upprifnar og innblásnar út í febrúarkvöldið.



Hildur Skarphéðinsdóttir var með orð til umhugsunar á febrúarfundi í Tækniskólanum og okkar Gammakona og skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, var með kynningu á starfsemi skólans.

Gammakonur og gestir í Framtíðarstofu Tækniskólans, Fab Lab Reykjavík.

Þriðjudaginn 12. mars héldum við sjöunda fund starfsársins í Kerhólum hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í Borgartúni. Edda Pétursdóttir var með orð til umhugsunar og tók hún fram litla skruddu sem innihélt gullkorn frá nemendum hennar í gegnum tíðina. Hún las upp nokkur þeirra sem voru sköndin og sýna að unga kynslóðin hugsar út fyrir kassann og er alls ekki af baki dottin þegar útskýra á orð og samhengi þeirra, svara spurningum á prófum eða túlka ljóð. Dr. Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gammakona með meiru, hélt erindi þar sem hún sagði frá doktorsrannsókn sinni í menntavísindum:



Veitum röddum vængi: Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings. Fríða Bjarney varði doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands 22. september 2023 í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Erindið í Borgartúni vakti mikla lukku og voru Gammakonur að vonum stoltar af sinni konu.






Dr. Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gammakona, hélt erindi þar sem hún sagði frá doktorsrannsókn sinni í menntavísindum: Veitum röddum vængi: Leikskóli sem inngildandi námsrými til samskipta og skilnings.

Vorferð Gammakvenna var farin fimmtudaginn 11. apríl og var stefnan tekin austur fyrir fjall á Selfoss í heimsókn til Epsilonkvenna sem héldu þar deildarfund og buðu okkur í heimsókn. Við fórum saman í rútu, sungum hressandi vorsöngva á leiðinni og létum hvítfleckkóttu jörð og kulda í lofti ekki draga úr okkur mátt. Þvert á móti! Við hittum síðan Epsilonkonur í Skyrlandi þar sem við fengum fyrst kynningu á skólasviði

Árborgar og þróun skólamála í ört stækkandi sveitarfélagi hjá Fjólu Steindóru Kristinsdóttur, bæjarstjóra sveitarfélagsins Árborgar. Því næst fengum við kynningu á safninu, skoðuðum okkur um og lukum heimsókninni á gómsætu skyrsmakki. Í kjölfarið var gengið í Tryggvaskála þar sem fundur Epsilondeildar var haldinn og sneddum við saman kvöldverð að honum loknum. Við þökkum Epsilondeild kærlega fyrir góðar móttökur og ánægjulega samveru. Eftir fundinn héldum við heim á leið.









Ingibjörg Einarsdóttir leiddi hópinn í talkór þar sem frumflutt var þula um fuglana eftir Kristján Hreinsson.

Aðalfundur Gammadeildar verður haldinn miðvikudaginn 15. maí nk. í Sveinatungu á Garðatorgi og þá verður kosin ný stjórn. Við hlökkum til að eiga þar góða stund að vanda og verður spennandi að sjá hvaða mætu konur taka við keflinu.

Með kærri Gammakveðju til allra DKG-systra,

Hrefna Sigurjónsdóttir,
formaður Gammadeildar.





Delta

Starfssvæði Deltadeildar er Vesturland. Félagskonur eru búsettar á Akranesi og í Borgarbyggð. Einnig eru nokkrar konur fluttar á höfuðborgarsvæðið og sækja fundi hjá Deltadeild. Þema starfsársins 2023-24 var Farsældarlögin, við sjálfar og menntamál.

Á vorönn voru haldnir tveir fundir. Fyrri fundurinn, sem var fjórði fundur starfsársins var haldinn í Bókasafni Akraness, Svöfusal þann 8. febrúar kl 17:30. Á fundinn mættu níu Deltakonur. Formaður setti fundinn og sagði í nokkrum orðum frá Svöfu Þorleifsdóttur, skólastjóra, sem salurinn er nefndur eftir. Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir forstöðumaður Bókasafnsins tók á móti hópnum og sagði frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins en sagði jafnframt starfsfólk þess leita stöðugt leiða til að auka fjölbreytnina og ná til allra íbúa innlendra sem erlendra. Barnastarfi er gert hátt undir höfði bæði með sögustundum og foreldramorgnum þar sem er lesið, leikið og föndrað. Sumarlestur nemenda á yngsta stigi grunnskólans er vinsæll og fastur liður í starfsemi og er þá lögð áhersla á fjölbreytta viðburði fyrir börnin. Ingibjörg sagði einnig frá verkefni Bókin heim sem er í boði fyrir þá sem ekki eiga heimangengt en þar fer starfsmaður heim til fólks með bækur í samræmi við óskir þess og áhuga. Það er fjölbreytt starfsemi á Bókasafninu, fyrrum vinnustað Halldóru formanns.

Bókaspjall var næst á dagskrá, við höfðum jólin til að undirbúa okkur. Tvær bækur

voru til umræðu. Bókin Högni eftir Auði Jónsdóttur var fyrst á dagskrá. Við vorum sammála um að bókin væri í heildina góð þó svo sumar hafi lagt hana frá sér tímabundið! Bókin skiptist í þrjú kafla, í fyrstu tveimur er fjallað um Högna í 3. persónu og birtist hann þar sem óttaleg remba og sá sem allt veit best og hefur rétt fyrir sér en í þeim þriðja tekur hann sjálfur yfir, segir frá sjálfum sér og lífshlaupi sínu og er þar að finna skýringar á ýmsu í fari hans. Við vorum sammála um að lífsreynsla Högna hafi verið mikil og erfið, bæði sú lífsreynsla að lenda í slaufun nútímans sem fer að mestu fram á samfélagsmiðlum og sú sem fylgdi örlögum föður hans. Í umræðunni kom fram að Auður sjálf hafði upplifað slaufun á samfélagsmiðlum.

Síðari bókin var Aksturslag innfæddra eftir Þórdísi Gísladóttur sem samanstendur af sjö smásögum úr samtímanum sem byggðar eru á raunverulegum atburðum og auðvelt að spegla sig í. Fram kom að bókin væri notaleg og fljótlesin og sumar sögurnar áhugaverðari en aðrar. Sagan Listarnir þótti afar góð og höfðaði til okkar því margar sem könnuðust við að gera ýmsa lista í sínu daglega lífi.

Orð til umhugsunar flutti Halldóra og fjallaði erindi hennar um orð ársins 2023 sem er orðið gervigreind og einnig ræddi hún um um lestur og hæfileikann til að lesa sér til gagns. Sagði hún þá einstaklinga missa af miklu sem ekki ná þeirri færni í lesti að geta gleymt sér við bókalestur.



Síðari fundurinn var haldinn í félagsaðstöðu á bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 17.00. Ellefu félagskonur voru mættar.

Fyrirlesari á fundinum var Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri Farsældarþjónustu barna á Akranesi. Hún var áður verkefnastjóri við innleiðingu farsældarlaganna sem eru nýleg lög frá 2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Erindi Sólveigar nefndist "Í átt að farsæld allra barna".

Akranes var eitt af fimm fyrstu sveitarfélögum til að hefja innleiðingu farsældarlaganna. Þar var sterkur grunnur m.a. í öflugum skólastarfi, góðri velferðarþjónustu og langri hefð fyrir að veita öllum börnum sem þurfa þjónustu / stuðning óháð greiningum. Einnig var hefð fyrir þéttri samstarfi, m.a. barnaverndar og skóla. Innleiðing fór fram í 3 áföngum á þremur árum.

Mikil frumvinna fór í fræðslu og kynningu og að koma lögnum á framkvæmanlegt stig og þróa skipulag og verkferla.

Sólveig lagði áherslu á mikilvægi þess að festa alla ferla og að verkefnið verði sjálfbært en standi ekki og falli með einstökum starfsmönnum. Árangur er góður og bæði foreldrar og starfsfólk ánægð en vissulega hafa verið og verða áskoranir. Mikil ánægja var með erindið og fékk Sólveig rós og fræðslubækling um DKG í þakklætisskyni.




Sólveig Sigurðardóttir

Eftir erindi Sólveigar flutti Ruth Jörgensdóttir Rauterberg "Orð til umhugsunar" og fjallaði hún um orðið inngilding. Mjög áhugavert og upplýsandi um hugtak sem er lykilhugtak í farsæld og fjölmenningu.



Halldóra og Ruth

Eftir fundi er ávalt borðað saman, oftast á veitingahúsi, spjallað og spilað happdrætti.



Jónína Erna með vinning

Gyða Bergþórsdóttir stofnfélagi og heiðursfélagi Deltadeildar fagnaði 95 ára afmæli þann 6. apríl s.l.. Af því tilefni heimsóttu þrjár Deltakonur hana á Dvalarheimilið Höfða og færðu henni rósir og áttu með henni góða stund. Þá hefur

Uppstillingarnefnd verið að störfum og búið er að tilnefna konur í stjórn. Aðalfundur verður haldinn eftir miðjan maímánuð með stjórnarskiptum.



Frá vinstri: Ásta Egilsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Gyða Bergþórsdóttir og Jónína Eiríksdóttir.

Með sumarkveðju til ykkar allra frá stjórn Deltadeildar,
Halldóra Jónsdóttir formaður 2022-2024.





Epsilon

Epsilon-deild hefur lagt sitt af mörkum til að gera samtökin sýnileg í samfélaginu en fyrsti fundur vetrarins var haldinn í grósku- og sköpunarmiðstöðinni Skrúfunni á Eyrarbakka þann 14. sept 2023.



Guðríður Egilsdóttir formáður minnst látinnar Epsilon-systur Pálinu Agnesar Snorradóttur en hún var ein af stofnendum Epsilondeildarinnar. Guðrún Sigríks var með Orð til umhugsunar og talaði um formæður sínar sem bjuggu við annars konar kjör en nú tíðkast. Berglind Björgvinsdóttir eigandi Skrúfunnar sagði frá starfseminni þar en Skrúfan er grósku- og sköpunarmiðstöð þar sem fólk á öllum aldri getur komið og fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn og einnig lært eitthvað nýtt á námskeiðum sem haldin eru þar. Inntökufundur sem haldinn var Tryggvaskála á Selfossi 3. okt 2023 var annar fundur vetrarins.



Guðríður formaður kynnti 6 nýjar systur sem gengu í félagið þennan dag en þær eru Aneta Figlarska kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur, Harpa Björnsdóttir leikskólakennari og deildarstjóri, Jóhanna Einarsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir djákni og kennari og Sigríður Munda Jónsdóttir prestur. Árný Elíasdóttir formaður landsambandsins heiðraði okkur með nærveru sinni og tók þátt í inntökuathöfninni ásamt stjórninni. Farið var yfir markmið samtakanna, og að haldin væru í heiðri ýmis tákni sem birtast í þeim veraldlegu hlutum sem fylgja samtökunum.

Málþingið Lykill að læsi var haldið 26. okt 2023 og var aðsókn mjög góð. Fyrirlesarar voru **Bjartey Sigurðardóttir** talmeinafræðingur og verkefnisstjóri verkefnisins Lestur er lífsins leikur hjá Hafnarfjarðarbæ sem hélt erindi um snemmtæka íhlutun í fyrstu bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðarbæjar. Markmiðið með verkefninu er að finna strax við upphaf skólagöngu nemendur sem þurfa á nánari greiningu að halda og/eða stuðningi og veita íhlutun við hæfi. Bjartey fjallaði einnig um mjög áhugavert læsisverkefni sem nefnt er LÆK og hefur það markmið að efla læsi og auka lestraráhuga allra nemenda á mið- og unglíngastigum grunnskólanna í Hafnarfjarðarbæ. **Hlíf Brynja Baldursdóttir** deildarstjóri máls og læsis í Fellaskóla hélt erindi um „Draumaskóla“ samvinnuverkefni Fellaskóla, frístundaheimilisins Vínafells og leikskólanna Holts og Aspar með áherslu á málskilning, læsi, orðaforða, leiðsagnarnám, tónlist og skapandi skólastarf. „Draumskólinn“ leggur megináherslu á íslensku í öllu starfi og að



allir kennarar séu íslenskukennarar. Hlutfall tví- og fjöltyngdra barna er nærri því 90 prósent og er íslenskt námsumhverfi þeirra að mestu í skólunum og á frístundaheimilinu.



Svava Þ. Hjaltalín sérkennari, læsisfræðingur og verkefnastjóri við Rannsóknarsetur um menntun og hugarfar við Háskóla Íslands sem hélt erindi sem hún nefndi Árangursrík kennsla – „Ég get“ þar sem hún fór yfir gildi góðra vísindarannsókna sem tengdar eru námi og framþróun. Hvernig þær geta styrkt kennara og auðveldað þeim að velja árangursríkar aðferðir við lestrarkennslu og læsi. Svava fjallaði einnig um Kveikjum neistann sem er rannsóknar- og þróunarverkefni í Grunnskóla Vestmannaeyja með heildstæða nálgun á skólastarfið. Verkefnið hófst haustið 2021 og mun standa yfir í 10 ár. Verkefnið byggir á niðurstöðum færustu vísindamanna heims á sviði menntunar og heilbrigðis. Kveikjum neistann sýnir okkur hvernig orð verða til athafna og hvernig vísindi leiða til árangurs.

Jólafundurinn var þriðji fundur vetrarins haldinn í Vínstofu Friðheima þann 29. nóv 2023. Við nutum notalegrar samveru og Sr. Sigríður Munda var með orð til umhugsunar þar sem hún fjallaði um orðið *Hamingju* út frá mörgum vinklum.



Bókafundurinn var fjórði fundur vetrarins en hann var haldinn þann 13. jan 2024 á lðu í Bláskógabyggð á heimili Elinborgar Sigurðardóttur. Eftir formlegan fund var óformlegur fundur þar sem systur sögðu frá bókum sem þær mæla eindregið með. Eftir það var Pálínuboð með glæsilegu hlaðborði og þægileg og góð samvera í sveitasælunni.

Fimmti fundur vetrarins var haldinn í Þorlákskirkju í Þorlákshöfn þann 13. mars 2024. Gestir okkar voru DKG systur úr Lambdæild. Systir úr Gammadæild Soffía Sveinsdóttir framhaldsskólakennari var tekin inn í Epsilondæild með formlegum hætti á fundinum en hún óskaði eftir flutningi á milli deilda. AlmaDís Kristinsdóttir systir úr Lambdæild og safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar í Reykjavík, flutti erindi út frá doktorsvörn sinni sem fjallaði um safnafræðslustarf sem hreyfiafl. Orð til umhugsunar var í höndum Ásgerðar Eiríksdóttur. Hún talaði um hjartasteina sem hún safnar en hver systir fór heim með hjartastein sem var gjöf frá Ásgerði. Guðríður kom með fallega



gjöf til allra systra. Vorlaukafræ í heimatilbúnu umslagi sem hún hafði dundað sér við að búa til. Kveðjugjöf frá fráfarandi formanni og áminning um að vorið sé á næsta leiti.

Sjötti fundur vetrarins var haldinn í Tryggvaskála á Selfossi þann 11. apríl 2024. Gestir okkar voru systur úr Gammadeild, en fyrir fund hittust allar systur í Skyrlandi í Mathöll Selfoss þar sýning um sögu skyrs var skoðuð. Þangað kom Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar og sagði okkur frá Fjölskyldusviði og skólajónustu Sveitarfélagsins Árborgar. Margrét Guðmundsdóttir varaformaður Epsilondeildar stýrði fundi í fjarveru



Guðríðar Egilsdóttur formanns. Nafnakall var hjá báðum deildum og stóðu systur upp þegar nöfn þeirra voru lesin. Erna Ingvarsdóttir var með liðinn Orð til umhugsunar. Hún las um fyrirgefningu úr bókinni *Veldu*. Liðurinn önnur mál var í höndum Gammadeildar. Ingibjörg Einarsdóttir sem rekur Litlu upplestrarkeppni sem fer fram í 4. bekk sagði systur frá tilurð hennar. Liður í Litlu upplestrarkeppninni er talkór og hefur hann slegið í gegn. Ingibjörg lét systur lesa *Fuglapulu* eftir Kristján Hreinsson „hirðskáld keppinnar“ í talkór en þetta var frumflutningur á þulunni.

Sjöundi og síðasti fundur Epsilon deildar þennan veturinn var Aðalfundur Epsilondeildar og jafnframt 35 ára afmælisfundur, haldinn í Skyrgerðinni í Hveragerði fimmtudaginn 2. maí 2024. Guðríður Egilsdóttir formaður bauð afmælisgesti velkomna og voru stofnfélagar mættir enda eru konurnar virkar í starfi Epsilon-deildar.

Helga Halldórsdóttir í Gamma-deild kom á fundinn en hún var ein af stofnendum Epsilon-deildar og fyrsti formaður hennar. Rósa Marta Guðnadóttir flutti kveðju frá Landssambandinu en hún var fulltrúi þess á afmælisfundinum. Rósa Marta var með Orð til umhugsunar en hún flutti texta til til minningar og heiðurs Pálinu Agnesar



Snorradóttur sem lést fyrir tæpu ári. Fundarstjórn Aðalfundar var í höndum Sigríðar Guttormsdóttur. Guðríður formaður flutti skýrslu stjórnar og þakkaði fráfarandi stjórn gott samstarf og öllum systur fyrir góða samvinnu. Hún sagðist hafa lagt ríka áherslu á að gera samtökin sýnileg í nærumhverfinu. Það er samdóma álit systra að hún hafi gegnt formannsstarfinu afar vel og náð markmiði sínu. Eydís Katla gjaldkeri lagði fram reikninga. Ný stjórn var kynnt til leiks en í henni sitja Margrét Guðmundsdóttir formaður en með henni munu sitja í stjórn þær Eydís Katla Guðmundsdóttir, Ásgerður



Eiríksdóttir, Harpa Björnsdóttir og Guðlaug Jónsdóttir. Guðríður Egilsdóttir formaður, Guðrún Sigríks Sigurðardóttir ritari og Ester Hjartardóttir meðstjórnandi gengu úr stjórn. Eftir hefðbundin aðalfundarstörf tók Dr. Eva Harðardóttir aðjúnkt við menntavísindasvið HÍ og stjórnarformaður félags Sameinuðu þjóðanna við með erindið sitt og fjallaði vítt og breitt um störf sín meðal annars fyrir UNICEF í Malaví við stefnumótun og innleiðingu verkefna á sviði félags- og mannréttinda og menntamála auk þess að vinna með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Góður rómur var gerður að erindi Evu. Eftir þessa upptalningu ber að segja frá að á öllum fundunum okkar er fundur settur með kertum, alltaf fer fram nafnakall, fundargerð síðasta fundar er lesin upp, orð til umhugsunar er alltaf í höndum einnar systur. Svo og eru fréttir úr starfi, önnur mál og ekki hvað síst happadrættið okkar sem er okkar eigin fjáröflun. Fyrir hönd stjórnar Epsilon Margrét Guðmundsdóttir





Zeta



Starf formanns hófst með dásamlegum degi í Reykjavík á formannafundi þann 2. september, þar lagði formaður landsambandsins línurnar fyrir starfsárið og fór í framkvæmdaáætlun. Ég fór út í eftirmiðdaginn eftir þennan fund með hugmyndir og áætlan um góðan vetur framundan. Sá dagur var bjartur og vestanvindurinn lék um andlit og hár þar sem ég gekk upp Bankastræti og Skólavörðustíg í átt að Listasafni Einars Jónssonar. Búið var að loka safninu en garðurinn var opinn og ég ráfaði þangað inn, eins og vindurinn væri að leiða mig. Þar staldraði ég við verkið Vernd, verk Einars sem ártalið 1912-1934 er ritað á. Verkið er lýsandi fyrir okkur sem erum í fræðslustörfum, því það breiðir út og umvefur líkt og einkunnarorðin okkar, vinátta, trúmennska og hjálpssemi.

Ég tilbúin í veturinn ójá, alltaf að taka brosandí á móti nýjum verkefnum. Lítið vissi ég á þessari stundu hvað alheimurinn var að setja í fangið á mér. Seinna þetta kvöld dó elskulegur maðurinn minn, sem hafði verið í hvíldarinnlögn þessa viku svo ég gæti tekið fundinn með fleiri formönnum. Elskulegu Z-systur takk fyrir góðar kveðjur, stuðning og skilning. Guðrún þessi elska kom til mín í vikunni á eftir og við áttum gott tal saman. Elskulega Árný Elíasdóttir formaðurinn okkar sendi mér kveðjur hafið þökk fyrir það er svo mikilvægt að vita af ykkur, þvilík trúmennska.

September 2023 er svona aðeins óskýr í huga mínum, en líklega í byrjun október hitti ég þær stöllur Ólafíu Stefánsdóttur og Jóranni Sigurbjörnsdóttir til að leggja línurnar fyrir veturinn. Þar sem við konur í Z-deild dreifumst um Austurland hefur skapast sú hefð að þær sem búa nálægt hver annarri haldi saman fund. Í vetur höfum við hist í fjögur skipti þegar þetta er skrifað. Meðal þess sem við höfum gert er að hittast í nýrri byggingu leikskólans Hádegishöfða í Fellabæ og fá leiðsögn um hann ásamt fræðslu um hvernig starfsemin þar er í anda Reggio Emilia. Þá fengu fundarsystur og gestir kynningu frá Samskipta og útgáfunefnd sem í sitja þær stöllur okkar í Z-deild Guðrún Ásgeirsdóttir, Guðmunda Vala Jónsdóttir og Sigríður Herdís Pálsdóttir. Annar vetrarfundurinn var haldinn á Eskifirði þar heimsóttum við listagallerí og vinnustofu Steinunnar Sigurðardóttur sem tók á móti okkur með glæsibrag, veitingum og fræðslu um sína



vegferð sem listmálari, þvílík fegurð sem kemur úr penslunum hennar, takk. Þá tókum við okkur pásu með að halda fundi í desember og janúar, bæði vegna annarra starfa og oft á tíðum mjög mikillar ófærðar á milli staða á Austurlandi. Næsti fundur okkar var því haldinn í febrúar á veitingastaðnum í Vök. Þær Rut og stöllur á Egilsstöðum kölluðu fundinn bókafund, sem er flott því þar voru félagskonur með undirbúna bókakynningu svolítið í anda Kiljunar. Fjórði fundurinn var svo haldinn í Neskaupstað nú í liðinni viku í góðu færi og lítill sem enginn skafrenningur á Fjarðarheiði. Fundað var í Múlanum sem er samvinnuhús nokkurra fyrirtækja og Austurbrúar. Með hefðbundnu fundarhaldi þennan dag kom Steinunn aðeins inná sögu Delta Kappa Gamma og sagði frá félaginu, þar sem tveir gestir voru með á fundinum. Hrönn Grímsdóttir starfsmaður Austurbrúar sagði okkur frá Múlanum og starfsemi þar ásamt því að kynna fyrir okkur hvert er hlutverk fræðsluteymis Austurbrúar sem hún sem námsráðgjafi og master í lýðheilsuvísindum stýrir. Við fengum síðan að skoða húsið og líta inn í kennslustund þar sem íslenskukennsla var í gangi fyrir fólk af erlendum uppruna sem starfar í Neskaupstað.

Takk kærri Z-systur fyrir faglega og flotta fundi í vetur, nú mun stjórn undirbúa aðalfund í maí, eða fyrstu daga júní mánaðar.

Unnur Óskarsdóttir formaður Z-deildar.





Eta

Fundur 5. desember 2023

Þegar Haustfréttabréf DKG kom út sl. haust hafði jólafundur Eta deildar á haustönn ekki enn farið fram en hann var haldinn 5. desember 2023 á heimili Sophie Kofoed-Hansen í Skagaselí 7.

Á dagskrá fundarins var hefðbundin jóladagskrá. Formaður Ólöf Helga Þór setti fundinn, kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku og fól síðan Bryndísi Guðmundsdóttur fundarstjórn.

Anna Sigríður Pétursdóttir var með orð til umhugsunar og tók hún fyrir jólahald frá æskuheimilinu. Hún miðaði við aldur sinn þegar hún var 7 ára og hvernig móðir hennar sá fyrir öllu, smáu sem stóru. Þetta voru ljúfar minningar sem hægt var að ylja sér við og hugsa til eigin æskujóla.

Næst á dagskrá var upplestur úr bók. Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur, las úr bók sinni, Steinninn sem kom út í vor.

Ragnheiður er barnabókahöfundur en hefur á seinni árum skrifað nokkrar frábærar bækur sem ætlaðar eru fullorðnum. Að lestri hennar loknum spunnust skemmtilegar umræður um málefni þeirra sem komnir eru á eftirlaunaaldur en söguhetjan í bók Ragnheiðar er sjötíu ára gömul kona sem er að halda upp á afmæli sitt. Einnig urðu umræður um skólamál en í Eta deild eru talmeinafræðingar sem komu að gerð málörvunarbókarinnar Orð og Ævintýri sem gefin er út af Menntastofnun.

Talmeinafræðingarnir sögðu frá þessari frábæru bók, en þess má geta að öll leikskólabörn tveggja, þriggja og fjögurra ára fá þessa bók gefins.

Í umræðunum var boðið upp á smásnittur, freyðivín og kransakökur og myndaðist ljúf og jólaleg stemning en inn á milli voru sungin jólalög.

Fundinum lauk um klukkan 9 og fóru allir saddir og glaðir af bæ.

Fundur 25. janúar 2024

Fyrsti fundur ársins var haldinn 25. janúar í Kringlukránni. Ólöf Helga Þór formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku. Hafdís Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri stjórnaði fundi. Gestur fundarins var Árný Elíasdóttir forseti DKG á Íslandi. Fundurinn var einnig inntöku-fundur þar sem fjórar nýjar konur voru teknar inn í deildina.

Fyrst á dagskrá flutti Árný Elíasdóttir mjög fróðlegt erindi um DKG. Hún sagði m.a. frá niðurstöðum könnunar á viðhorfum félagskvemma til starfa DKG á Íslandi. Fram hafi komið almenn ánægja t.d. með fræðslu á fundum, samheldni, vináttu og að þau væru valdeflandi. Það sem m.a. mætti betur fara væri meiri þátttaka, samtökin væru sýnilegri í íslensku samfélagi og að samtökin létu sig menntamál meiri varða. Góður rómur var gerður af erindi Árnýjar og líflegar umræður urðu á meðal félagskvemma um þau atriði sem fram komu hjá Árnýju.

Næst á dagskrá stjórnðu Ólöf Helga Þór, Sigríður Heiða og Jóhanna hátíðlegri inntökuathöfn fjögurra nýrra félagskvemma. Þær eru Björk Jónsdóttir (sérkennari, skólastjóri Brúaskóla), Oksana Shabatura (kennaramenntuð frá Úkraínu, starfar í dag hjá Skóla-og frístundasviði Reykjavíkur), Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir (var sérkennari við Fellaskóla og Öskjuhlíðarskóla/Klettaskóla), Þóra Sæunn Úlfisdóttir (kennari og talmeinafræðingur, starfar í dag í teymi hjá Miðju máls og læsis innan Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar).



Síðasti liður fundarins var umræða um bækur gefnar út 2023. Rætt var í smærri hópum um bók að eigin vali. Konur komu með og/eða gerðu grein fyrir einni bók sem var þeim hugleikin og voru íslenskar bækur í forgrunni. Umræður urðu áhugaverðar og líflugar. Jafnframt gæddu konur sér á gómsætum fiskrétti. Að lokum gengu félagskonur út í kvöldið með hugmyndir um áhugaverðar bækur til að lesa.

Fundur 13. mars 2024

Annar fundur vorannar var haldinn í Hannesarholti. Ólöf Helga Þór, formaður, setti fund og kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku. Hún sagði frá því að Sigríður Heiða Bragadóttir væri búin að taka við formennsku nefndar innan DKG sem ber heitið Féлага- og útbreiðslunefnd. Sigríður Heiða sagði í kjölfarið nokkur orð um fjölgun kvenna í deildinni.

Orð til umhugsunar voru flutt af Auði Torfadóttur. Hún deildi með okkur þeim miklu áskorunum sem felast í flutningi úr stærra rými í minna eftir 40 ára búsetu. Þær felast ekki síst í að velja það sem þú tekur með þér á nýja staðinn. Hún nefndi í lokin ósk um að þeim einstaklingum sem væru um þessar mundir að koma til Íslands til að setjast hér að, tækist að aðlagast nýju umhverfi sem best. Eftir samtal um efni Orð til umhugsunar var borinn fram ljúffengur þorskur og meðlæti að hætti Hannesarholts. Næst á dagskrá var bókakynning. Lilja Magnúsdóttir kynnti bók sína friðarsafnið sem fjallar um ungan mann á flóttu, Frank. Inn í söguna fléttast stafrænt ofbeldi. Í umræðum í kjölfar kynningarinnar kom fram tenging við ástandið í dag m.a. mikilvægi þess að fara ekki í skotgrafirnar. Pólar í íslensku samfélagi séu að verða

hættulegir. Lilja greindi auk þess stuttlega frá bók sinni Gaddavír og gotterí. Í henni eru stuttar sögur af lífi barna í sveit á Íslandi fyrir nokkrum áratugum. Fundi var slitið um kl.20:30.

Á fundum deildarinn hafa eftirfarandi mál verið ákveðin:

Núverandi stjórn hefur settið í tvö ár og hefur gefið vilyrði fyrir áframhaldandi setu.

Ákveðið var að leita til Sophie Kofoed-Hansen um að skoða reikninga deildarinnar. Sophie tók því vel og samþykkti að taka það að sér.

Ákveðið hefur verið að aðalfundur verði 15. maí 2024.

Ritari: Ásta Lárusdóttir.





Iota

Á starfsárinu 2023 – 2024 höfum við fundað reglulega og fengið fróðleg og skemmileg erindi og samtal úr ýmsum áttum.

Við höfum m.a. fengið að skoða leikskóla og þar fengum góða innsýn í starf Hjallastefnunnar, við höfum farið í heimsókn í Menntaskólann og Háskólasetur Vestfjarða, farið í heimsókn og fengið kynningu á starfi eina starfandi leikhúss Vestfjarða. Við fengum mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi frá útgáfufélaginu Bókabeitan og erindi um jákvæða sálfræði. Þetta er aðeins brot af þeirri fræðslu og erindum sem við höfum sótt og/eða fengið til okkar á fundunum, sem við reynum alltaf að halda úti á u.þ.b. 6 vikna fresti. Bókafundurinn sem haldinn var í janúar var svo alveg sér á parti þar sem við sögðum frá bókum sem við höfðum lesið eða hlustað á og okkur fundust áhugaverðar. Margar mjög áhugaverðar bækur sem við höfum nú þegar lesið eða hlustað á eftir að hafa fengið kynningu á þeim, en hefðu kannski ekki endilega ratað á náttborðið að öðrum kosti.

Sú stjórn sem skipulagði þetta starfsár hefur reynt að fara svolítið um víðan völl og finna erindi og staði til að skoða sem tengja okkur og okkar áhugasvið, þ.e.a.s. kvennanna sem eru félagar í IOTA deild DKG. Við höfum einnig reynt að vera meira sýnilegar m.a. með því að bjóða gestum með okkur á fundi og hefur það leitt af sér að sumar þeirra hafa síðan gengið í félagið. Það er frábært og mikilvægt að efla félagsskapinn og tengslanetið sem myndast, því starfsemi okkar nær yfir þó nokkuð marga kílómetra og marga

fjallvegi. Við erum ekkert að hittast á hverjum degi, en með því að hittast á fundum félagsins skapast einhver samtakamáttur og félagsheild sem er svo mikilvægt að “tilheyra” því við erum jú flest öll félagsverur sem nærumst á því að vera hluti af heild og finna það að við tilheyrum.

Þar sem stjórnarskipti voru núna á aðalfundinum sem haldinn var í apríl kveður “gamla” stjórnin og ný stjórn tekur við til að skipuleggja nýtt starfsár og við munum án efa fá enn fleiri fróðleg og skemmtileg erindi og hitta fleira fólk sem nærir okkur.

Ný stjórn er þannig skipuð að Pernilla Rein er formaður og með henni í stjórn eru: Vilborg Ása (fráfarandi formaður), Bryndís Friðgeirsdóttir, Iwona Samson, þær eiga eftir að skipta með sér verkum og gjaldkeri er utan stjórnar.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeirri stjórn sem ég fékk að starfa með fyrir skemmtilegt samstarf og óska nýrri stjórn velfarnaðar og skemmtunar á komandi starfsári, sem jafnframt er afmælisár okkar deildar, en IOTA deildin verður 20 ára í júní 2024.

Jónína Hrönn Símonardóttir,
ritari IOTA deildar starfsárin 2022 – 2024.



Kappa

Jólafundur Kappa var haldinn þann 7. desember á hlýlegu heimili Önnu Kristínar. Þar var boðið upp á hátíðlegar veitingar, m.a. rise a la mande að hætti eiginmannsins og sungin jólalög. Gestur fundarins var Vilborg Davíðsdóttir og sagði hún okkur frá bókum sínum *Undir Yggdrasil* og *Landi næturinnar* en sú síðarnefnda var tilnefnd til



bókmenntaverðlaunanna. Fyrsti fundur á nýju ári var að venju bókafundur, haldinn þann 16. janúar. Þrjár bækur voru kynntar; Marsibil Ólafsdóttir ræddi um bókina *Snjór í Paradís* eftir Ólaf Jóhann sem er safn 8 smásagna um parasambönd, trega og fortíð sem sækir að. Linda Hrönn Helgadóttir tók fyrir bókina *BÓL* eftir Steinunni Sigurðardóttur sem fjallar um raunir Líneikar Hjálmarsdóttur í átakasögu um ofurást og hjartasorg, styrk og uppgjöf. Að lokum sagði Valgerður Manúsdóttir frá bókinni *Valskan* eftir Nönnu Rögnvaldardóttur sem fjallar um prestsdótturina Valgerði Skaptadóttur sem hafði mikla útþrá og háði harða lífsbaráttu, en bókin fjallar einnig um þrautseigju hennar og ástir. Sigríður Hulda Jónsdóttir sá um orð til umhugsunar. Umfjöllunarefnið var þriðja æviskeiðið. Í framhaldi stýrði hún hópavinnu og lagði út með setningunni:

“Ég ætla ekki að sjá eftir því að...”. Orðið til að taka með áfram er “tilhlökkun” og hvað vekur hjá mér tilhlökkun árið 2024? Í lok fundar var rætt um erfiðar aðstæður í Grindavík og hvernig Delta-Kappa-Gamma gæti orðið að liði.

Fimmti fundur starfsársins var haldinn 19. febrúar og bar yfirskriftina “Farsældarlögin, hvað erum við að gera í Mosfellsbæ til að innleiða lögin?”.

Ragnheiður Axelsdóttir var í forsvari. Lögin gera ráð fyrir aukinni samvinnu þvert á starfsstéttir á skóla- og velferðarsviði, meiri upplýsingagjöf til foreldra og samþættari þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra.

Gunnlaug Hartmannsdóttir var með orð til umhugsunar á fundinum en þar rakti hún hvernig innleiðing farsældarlaganna kemur henni fyrir sjónir á starfssvæði hennar í Árnespíngi þar sem hún er deildarstjóri skólaþjónustu.

Sjötti fundur starfsársins var haldinn 3. apríl. Lilja Árnadóttir, fyrrum sviðsstjóri á Þjóðminjasafni Íslands, kynnti í máli og myndum bókina *Með verkum handanna - íslenskur refilsaumur fyrri alda* sem hún ritstýrði ásamt Merði Árnasyni. Í bókinni eru lagðar fram niðurstöður áratuga rannsókna Elnu E. Guðjónsson textíl- og búningafræðings, á þeim fimmtán íslensku refilsaumsklæðum sem varðveist hafa. Klæðin eru meðal merkustu listaverka fyrri alda, þau elstu frá því skömmu fyrir 1400.



Öll verkin má berja augum á samnefndri sýningu á Þjóðminjasafni Íslands fram til 5. maí. Níu þeirra eru almennt varðveitt á safninu en sex voru fengin að láni frá erlendum söfnum í tilefni sýningarinnar. Orð til umhugsunar var *Samkennd* en Valgerður Magnúsdóttir fjallaði um kenningar í samkenndarsálfræði. Kenningarnar snúast um þrjú gagnvirk tilfinningastjórnkerfi sem öll þurfa að vera í innbyrðis jafnvægi þar sem við þurfum á þeim öllum að halda við mismunandi aðstæður. Til stóð að fara í vorferð í Dalina á söguslóðir Laxdælu með leiðsögn Ingibjargar okkar Guðmundsdóttur. Ekki náðist næg þátttaka í ferðina og var því ákveðið að hafa aðalfund með hefðbundnum aðalfundarstörfum sem yrði haldinn á höfuðborgarsvæðinu í staðinn. Fundurinn er haldinn fimmtudaginn 2. maí.

Þökkum fyrir góðan vetur og sendum sumarkveðjur út í sólina,
Herdís Anna Friðfinnsdóttir og Linda
Hrönn Helgadóttir





Mý

Þann 23. janúar 2024 var fyrsti fundur ársins haldinn í Félagsborg að Hrafnagili Kveikt var á kertum og konur boðnar velkomnar. Við hófum fundinn á kynningarhring þar sem nýjar konur voru á fundinum. Í upphafi er snæddur kvöldverður. Í framhaldi af því fór fram innsetning tveggja kvenna, Dóróþeu Reimarsdóttir og Hrafnhildar Guðjónsdóttur.



Formaður stjórnaði innsetningunni. Fundurinn bauð þær báðar velkomnar í deildina okkar. Í framhaldi af því fóru orð/tónar til umhugsunar í umsjón Ásdísar Arnardóttur tónlistarkennara. Hún er að ljúka lokaáfangi í Suzuki kennslufræðum. Hún spilaði fyrir okkur tónverk á selló, „dialogo - samtal“ eftir ungverska tónskáldið György Ligeti. Verkið var dásamlega vel spilað af Ásdísi.



Eftir það var boðið upp á hráköku og kaffi. Í lok fundar sagði Gunnhildur okkur frá dásamlegri upplifun sem hún ásamt öðrum starfsmönnum Dalvíkurskóla fengu að reyna í dag þegar boðið var upp á gongslökun eftir kennslu. Eftir það var komið að bókagetrauninni, en það er venjan að gera í janúar ár hvert. Félagskonur reyndu að finna út bókatitla út frá myndum og voru titlarnir úr Bókatíðindum. Í lokin bauð hún upp á aðra getraun þar sem spurt var um staði á Íslandi. Að þessu loknu sleit formaður fundi, slökkti á kertum, þakkaði fyrir samveruna og bað konur að fara varlega heim.

Næsti fundur deildarinnar var haldinn 19. febrúar í Dalvíkurskóla.

Kveikt var á kertum og konur boðnar velkomnar. Gestur fundarins var Tetiana Hrusha, flóttakona frá Úkraínu sem hefur búið á Dalvík í tæp tvö ár. Hún sagði okkur frá lífi sínu sem flóttakona á Dalvík. Tetiana flutti til Dalvíkur í maí 2022, um tveimur mánuðum eftir innrás Rússa í Úkraínu.





Hún býr þar ásamt eiginmanni sínum og starfar hjá Samherja. Tetiana er metnaðarfull kona með tvær háskólagráður í farteskinu. Hún er grunnskólakennari (með ensku sem aðalgrein) og lögreglukona.



Greinilegt er á öllu að hún er mjög stolt af báðum þessum störfum og þótti mjög vænt um vinnuna sína. Hún kemur frá borginni Zaporizhzhia í suðaustur Úkraínu þar eru um 800.000 þúsund íbúar. Borgin er mikil iðnaðarborg og þar eru miklar og stórar verksmiðjur sem skipta höfuðmáli þegar kemur að framleiðslu á t.d. rafmagn fyrir allt landið. Tetiana segist aldrei hafa ferðast út fyrir landsteinana áður en hún kom til Íslands vorið 2022. Á tímabili var hún farsæll lögregluvarðstjóri í stóru hverfi í borginni. Eiginmaður hennar er húsgagnasmiður og þau ráku sitt eigið fyrirtæki þar sem hann starfaði. Þegar þau urðu að flýja ákváðu þau að fara eins langt frá Rússlandi og átökunum eins og hægt var og enduðu því hér á landi í maí 2022 eins og áður hefur komið fram. Systkini hennar og foreldrar eru enn í Úkraínu og finnst henni það auðvitað erfitt. Síðustu ár hafa verið henni þungbær, alveg frá því hún steig upp í flugvélinu, ekki síst vegna fjarlægðar við stórfjölskyldu sína en hún hefur einnig glímt við þunglyndi. Hún vill

samt koma því fram að hún er mjög ánægð hér á landi og henni finnst Íslendingar bera það mesð sér að vera hamingjusamir og sagði hún það hafa komið sér á óvart. Fyrst þegar hún kom til landsins var hún í tvær vikur á gistiheimili á vegum flóttamannahjálpar á suðausturhorninu en þyrsti fljótlega í vinnu. Hún fann fiskvinnslufyrirtæki á netinu sem vantaði starfsfólk og hafði samband. Henni var þá sagt að það vantaði fólk í lítinn bæ norður í landi sem hét Dalvík og því flutti hún og maðurinn hennar strax þangað. Fiskvinnslufyrirtækið heitir Samherji og hún fór strax að vinna þar. Hún talar um að henni finnst gott að hafa byrjað fljótlega að vinna. Hún segir þau eiga sér plön hér á landi og eru þakklát fyrir tækifærið sem þau hafa öðlast hér á Dalvík. Lífið hér er rólegt og notalegt og hér geti hún sofið róleg allar nætur.



Fyrir stríðið komu Úkraínubúar ekki til Íslands því að Úkraína er ekki í Evrópusambandinu. Til þess að koma hingað hefði þurft sérstakt vísa og því ferðuðust fáir alla þessa leið. Það hefur breyst nú síðustu ár. Hún sagði okkur frá því að hún fór í fyrsta sinn í frí í síðustu viku þegar hún fór með manninum sínum til Tenerife. Þegar hún var spurð að því hvort hún færi til baka þegar stríðinu lyki



sagðist hún ekki vita það. Hún segir samfélagið í heimalandinu vera í rúst og að landið þurfi mörg ár til að jafna sig. Stríðið hafi í raun ekki varað í tvö ár heldur 10, þar sem árásir Rússa hófust fyrst árið 2014. Hún endaði svo með því að árétta að hún sjái ekkert öryggi þar þó að stríðinu lyki núna þar sem ekki er hægt að treysta Rússum, þeir gætu hafið skothríð aftur hvenær sem er. Að þessari áhrifamiklu frásögn og umræðum loknum fengum við dýrindis fiskisúpu með heimabökuðum gerbollum í matsal skólans.



Orð til umhugsunar komu frá Bryndísi Björnsdóttur en hún sagði frá ljóði sem Jakobína Sigurbjörnsdóttir samdi árið 1927 og maðurinn Bryndísar, séra Svavar samdi síðar lag við. Jakobína fæddist á Íslandi árið 1888 og fluttist vestur um haf eins og margir aðrir á þessum tíma, þegar hún var sex ára gömul. Hún ólst upp í Manitoba, giftist Ísaki Jónssyni og tók þau þá bæði upp eftirnafnið Johnson. Jakobína var merk kona og mikilsvirtur höfundur og fékk ljóðin sín ávallt birt í íslenskum tímaritum. Fyrir það var hún sæmd hinni íslensku fálkaorðu þegar hún var fimmtug. Lagið heitir Vögguvísa og textinn er áhugaverður, hann kennir manni að njóta lífsins í dagsins önn og muna að við erum alltaf að gera okkar besta. Við þurfum að

minna okkur á að sætta okkur við hvernig staðan er þó við séum metnaðarfull þá verðum við líka að vera raunsæ og gera raunhæfar kröfur á okkur sjálf. Textinn minnir mann á hversu mikilvægur maður er öðru fólki og hvað annað fólk getur gefið manni. Í lokin spannst notalega umræða um innihald ljóðsins. Á eftir fengum við kaffi og sætindi. Í lok fundar ræddi Kristín Irene um mikilvægi menningararfsins, bæði okkar Íslendinga og annarra sem búa hér, um leið og hún slökkti á kertunum og bað okkur að fara varlega heim.

Sjötti fundur Mýdeildar á starfsárinu var haldinn 3. apríl í Hjallatröð 1 í Eyjafjarðarsveit.

Fundur var settur á hefðbundinn hátt og í framhaldi af því fékk Ingileif Ástvaldsdóttir orðið. Dagskráin hófst á því að Dagný Birnisdóttir fór með Orð til umhugsunar.



Hún talaði út frá bókinni *Hálfgul sól* (*Half of a yellow sun*) sem kom út árið 2006. Chimamanda Ngozi Adichie, höfundur



hennar á ættir að rekja til Biafra sem varð sjálfstætt ríki frá Nígeríu árið 1967. Chimamanda var 29 ára þegar hún skrifar söguna af mikilli næmni. Sagan hverfist um lífið á þessu landsvæði á meðan stríð geisar þar og fólk var svelt til uppgjafar. Á meðan á stríðinu stóð fór mikil fagþekking forgörðum, þar sem óvenju margir vísindamenn bjuggu þar fyrir stríð og staðhæfir höfundur að staðan í landinu væri á pari við Suður Kóreu í dag hefði ekki komið til þessara átaka. Höfundur er tíðrætt um fordóma og það að láta eina útgáfu af sögu verða til þess að við gerum okkur upp skoðun á fyrirbærinu, hvort sem það er land eða minnihlutahópur af einhverju tagi. Þessi umræða kveikti í mörgum konum að lesa söguna. Að því loknu fengum við gott í gogginn. Á meðan borðað var, bauð Ingileif upp á stutt erindi og TED fyrirlestur. Hún nefndi það Eina sögu og sjónarhorn um menningarnæmi. En það var einmitt höfundur áður nefndrar bókar (Chimamanda Ngozi Adichie) sem flutti Ted fyrirlesturinn. Hann heitir „*The danger of a single story*“. Hún segir þar frá fordómum og þröngsýni og útskýrir að aðeins ein saga/eitt sjónarhorn geti rænt fólk virðingunni. Það er aldrei ein saga. Auk TED fyrirlestursins fengum við lítið erindi eins og áður kom fram í tengslum við fordóma og forréttindablindu.

Þar var glærukynning sem Ingileif sjálf og Fríða Bjarney Jónsdóttir settu saman í tengslum við kennslu í HÍ. Aðaláherslan þar var breytingar og hvernig best sé að takast á við þær. Fólk þarf virkilega að leggja sig fram til halda þær út. Annars verða þær ekki til góðs. Einnig að betra sé að gera margar litlar breytingar en eitt stórt átak. Til að tengja þetta tvennt saman, þ.e. breytingarnar og fordómana þá er það þannig að til að takast á við eigin fordóma þurfum við að breyta hugarfari okkar. Það best að gera með litlum breytingum í einu frekar en einni risastórri sem ólíklegt sé að við höldum út. Þetta var afar hressandi umræða sem hélt aðeins áfram í þremur hópum sem Björg stýrði á meðan konur gæddu sér á eftirréttinum. Að fundi loknum var slökkt á kertum og þakkað fyrir samveruna.





Ný

Það sem af er ári 2024 hafa NÝ-deildarkonur fundað tvisvar en enn á eftir að halda einn fund þar sem farið verður í stutta óvissuferð í héraði. Starfið þetta árið hefur einkennst nokkuð af því að erfiðlega hefur gengið að fá systur til að sækja fundi deildarinnar. Árið byrjaði á því í janúar að aflýsa þurfti bóka fundi, þar sem boðið var upp á rafræna þátttöku, vegna dræmrar þátttöku.

Allt horfði þó til betri vegar í febrúar og var þann 13. febrúar haldinn langþráður fundur í Varmahlíðarskóla. Fundurinn var fámennur en góðmennur og hittust í Varmahlíð sjö félagskonur auk tveggja gesta. Formaður fór með orð til umhugsunar, þar sem fjallað var um bolludaginn og móðurástina, auk þess sem samtökin voru kynnt stuttlega fyrir gestum okkar. Að því loknu var gætt sér á léttum kvöldverði áður en Ásta Benediktsdóttir hélt fyrir okkur erindi um markþjálfun og dáleiðslu. Að erindinu loknu leiddi hún okkur í stutta slökunaræfingu, þar sem systur flutu um á sæluskýi í kjölfarið og vorum orðnar svo slakar að við sátum að spjalli og rjómabolluáti lengi eftir að fundi var slitið.

Í mars stóð til að halda aðalfund og kjósa í nýja stjórn. Uppstillinganefnd náði engum árangri við að fá systur til að taka að sér stjórnarsetu og fáar sáu sér fært að mæta á fundinn sem boðaður var á Hvammstanga. Fundinum var því frestað til 9. apríl í þeirri von að fleiri systur sæu

sér fært að mæta á fund og að einhverjar þeirra myndu endurskoða afstöðu sína til stjórnarsetu. Markmið með frestun fundar náðust ekki en fundur var engu að síður haldinn og tókst vel til þó fámennit væri í grunnskólanum á Hvammstanga þetta kvöld. Sesselja Kristín Eggertsdóttir fór með orð til umhugsunar og Pálína Fanney Skúladóttir var með gong-hugleiðslu fyrir okkur. Á fundinum var rætt um hvað hægt væri að gera öðruvísi til að freista þess að glæða áhuga og mætingu hjá systur.

Nú standa vonir til að systur fjölmenni í óvissuferð maímánaðar og ljúki þannig starfsárinu með stæl. Stjórnin situr sveitt við undirbúninginn og lofar lífi og fjöri!

Fyrir hönd NÝ-deildar,
Guðbjörg Einarsdóttir





Markmið samtakanna eru:

- **Að** efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- **Að** heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- **Að** efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- **Að** stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- **Að** veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- **Að** efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- **Að** fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.



*Stefnuyfirlýsing Delta
Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska
kvenna í fræðslustörfum og
gæðum í menntun og
uppeldisstörfum.*

